



Hvað þarf ég að vita eftir að ég greinist með krabbamein?

Tékklisti

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinist hefur með krabbamein og aðstandendur, Skógarhlíð 8, 105 Reykja-
vík, sími 866-9600, kraftur@kraftur.org,
www.kraftur.org. Einnig má finna Kraft
á helstu samfélagsmiðlum.



Það eru ýmsar spurningar sem koma upp í huga manns eftir að maður greinist með krabbamein. Við hjá Krafti gerum okkur grein fyrir því að oft er erfitt að vita hvað maður á að spyrja lækinn um og jafnvel muna hvaða svör hann gaf. Þess vegna getur verið gott að taka upp samtalið og hlusta á það seinna eða taka einhvern með sér í viðtalið.

Þá getur verið gott að skrifa niður punkta, mæta undirbúin(n) í viðtalið og vita hvað maður ætlar að spyrja um.

Til að auðvelda þér þetta þá höfum við sett saman lista með spurningum sem gott er að fá svör við:

- Hvaða tegund af krabbameini er ég með?
- Hvaða meðferð hentar mér best? Eru einhverjir fleiri meðferðarmöguleikar í boði?
- Er tilgangur meðferðarinnar að ég geti lifað með sjúkdómnum eða til að lækna hann?
- Hvernig veit ég hvort meðferðin skilar árangri? Hvernig er árangurinn mældur?
- Hvaða mismunandi aukaverkanir geta komið fram? Er eitthvað sem ég get gert til að draga úr eða forðast aukaverkanir?
- Er eitthvað sem ég þarf að gera áður en meðferð hefst t.d. að fara til tannlæknis og láta taka út tannheilsu mína eða fara í húðflúr á augabrúnum og þess háttar?
- Getur meðferðin valdið ófrjósemi? Eru einhverjar aðgerðir sem ég eða maki minn eigum kost á áður en lyfjameðferð hefst t.d. eggheimta eða frýstingu sæðis?
- Hvernig lítur meðferðaráætlunin mín út? Get ég fengið hana skriflega? Hvenær mun meðferð byrja og hversu lengi varir hún?
- Get ég fengið endurhæfingaráætlun og hver aðstoðar mig varðandi það?
- Hvað geri ég ef ég vil fá álit annars læknis?
- Hvert get ég farið eða hringt eftir venjulegan opnunartíma ef mér líður illa á meðan á veikindunum stendur?
- Hvaða hjúkrunarfræðingur er tengiliður minn og hvernig næ ég í hann?
- Hvernig kemst ég í samband við lækinn minn utan bókaðra viðtalstíma?
- Hvernig mun meðferðin hafa áhrif á mitt daglega líf? Mun ég geta haldið áfram að vinna eða stunda nám?
- Má ég vera nálægt fólki, börnum eða barnshafandi konum eftir að ég hef fengið krabbameinslyf eða farið í geisla?
- Má ég stunda kynlíf þegar ég er í meðferð?
- Hvert get ég leitað út af réttindum mínum (veikindaréttur, sjúkradagpeningar, endurhæfingarlífeyrir o.þ.h.)? Hvar get ég fundið frekari upplýsingar og getur einhver hjálpað mér?
- Má ég æfa meðan ég er í meðferð? Er eitthvað sem ég má ekki borða eða gera á meðan á meðferð stendur?
- Get ég fengið sálrænan stuðning hjá ráðgjafa eða sálfræðingi? Hvar get ég fengið sálfélagsstuðning eins og jafningjastuðning? Geta aðstandendur mínir fengið stuðning?
- Hvernig segi ég börnunum mínum þetta, hvert get ég leitað til að fá aðstoð með það?

Mínar spurningar:
